



**Ávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
í hátíðarkvöldverði
forseta Slóveníu
Janez Drnovšek
19. mars 2003**

Virðulegi forseti Slóveníu Janez Drnovšek
Heiðruðu gestir

Við upphaf nýrrar aldar þegar Evrópa leitast við að finna friði og framförum traustan grundvöll er hollt að leiða hugann að því hve ríkulega hin smærri ríki hafa mótað lýðræðisarfleifð álfunnar, menningu hennar og sjálfsvitund.

Aþena og Róm til forna voru í raun smáríki á mælikvarða okkar tíma en engu að síður var framlag þeirra til evrópskrar hugsunar, heimspeki, stjórnлага og réttarfars svo áhrifaríkt að enn er saga þeirra uppspretta nýrrar umræðu. Fyrir þúsund árum stofnuðu íslenskir landnámsmenn sérstakt löggjafarþing og lögðu grundvöll að lýðræði og þingræðishefð sem er sú elsta í veröldinni.

Norðurlönd urðu á liðinni öld fyrirmynd margra ríkja við mótun mannréttinda, félagslegs réttlætis, almennrar velferðar og jafnréttis. Á alþjóðavettvangi mynduðu þau bræðralag sem með samhæfðum málflutningi skilaði margvíslegum ávinningi. Smæðin var jafnvel talin kostur því hún sýndi að engir annarlegir hagsmunir réðu för.

Á nýliðnum áratug sýndu Eystrasaltsríkin þrjú hvernig sjálfstæðishreyfingum tókst að brjóta undan oki Sovétvaldsins og skapa sér á skömmum tíma traustan sess í samfélagi þjóða heims, árangur sem náðist að hluta vegna þess að smæðin skóp þeim marga kosti.

Slóvenía hefur með miklum sóma einnig skipað sér í þennan flokk, samfélag smárra ríkja sem orðið hafa öðrum að fyrirmynd, uppspretta margvíslegra hugmynda og athafna sem sýna kraftinn til nýsköpunar sem í smæðinni býr.

Á undraskömmum tíma hefur Slóvenía fest í sessi lýðræði og frelsi sem sumar hinar stærri þjóðir glímdu við í áratugi og jafnvel aldir. Meðan ófriður og hatrömm átök réðu för í nágrenninu var Slóvenía heimkynni friðar og sáttar þar sem sameiginlegur vilji þjóðarinnar var drifkraftur framfara og efnahagslegrar nýsköpunar.

Við Íslendingar höfum með aðdáun fylgst með árangri ykkar og máttum mikils að hafa getað lagt ykkur lið með því að verða fyrstir þjóða til að viðurkenna fullveldi og sjálfstæði Slóveníu.

Við höfum fagnað síauknum tækifærum okkar til samræðna og samvinnu og ég minnst sérstaklega, virðulegi forseti, afar athyglisverðra og fróðlegra ummæla yðar þegar þér sem forsætisráðherra heimsóttuð Ísland á liðnu ári.

Það er mér því mikill heiður að vera fyrsti forseti Íslands sem kemur í opinbera heimsókn til Slóveníu og ég þakka yður, virðulegi forseti, og þjóð yðar fyrir þá vináttu sem sýnd er Íslendingum.

Ég vona að heimsókn mín nú verði til að treysta enn frekar samvinnu okkar í framtíðinni og leggja grundvöll að árangri á mörgum sviðum. Þar höfum við sannarlega margvísleg heillandi verk að vinna.

Ísland og Slóvenía geta sýnt að hin smærri ríki gegna mikilvægu hlutverki í samfélagi þjóða heims. Nýlega var stofnuð á Íslandi miðstöð fyrir alþjóðlega umfjöllun um hlutverk hinna smærri ríkja og vænti ég þess að geta í heimsókn minni lagt grundvöll að þátttöku forystumanna í þjóðmálum, stjórnsýslu og atvinnulífi og fræðimanna í Slóveníu í þróun þessarar nýju miðstöðvar. Samvinna á þeim vettvangi gæti skilað þjóðum okkar nýjum hugmyndum og margvíslegum lærdómi sem efla munu framfarir í löndum okkar og styrkja stöðu okkar í veröldinni.

Ísland var fyrir hálfri öld meðal stofnríkja NATO og tengdist á liðnum áratug Evrópusambandinu með samningnum um hið Evrópska efnahagssvæði. Hvort tveggja eru dæmi um farsæla þátttöku smárikis í víðtækri alþjóðlegri samvinnu. Með aðild Slóveníu að NATO og Evrópusambandinu munu tækifæri okkar til sameiginlegra áhrifa aukast til muna og er mikilvægt að áréttu hér þátt hinna smærri ríkja í nýsköpun öryggis, friðar og framfara í Evrópu. Sagan sýnir okkur að hin stærri ríki álfunnar hafa aldrei ein og sér náð að skapa grundvöll að varanlegum árangri.

Við Íslendingar höfum á undanförunum áratugum náð að nýta jarðhita til húshitunar, orkuframleiðslu og heilsubótar og við væntum þess að geta átt víðtæka samvinnu við Slóveníu um að virkja þær auðlindir sem jarðhitasvæðin í landi ykkar hafa að geyma. Íslensk orkufyrirtæki munu í

heimsókn minni efna til kynningar hér í Slóveníu og vona ég að þær viðræður skapi grundvöll að samvinnu okkar í framtíðinni.

Íslenskir ferðamenn voru á árum áður tíðir gestir í Slóveníu og við vonum að íbúar Slóveníu muni nýta sér vináttu og gestrisni Íslendinga og kynnast hinni fjölbreyttu og stórbrotnu náttúru sem skapari alheimsins lét Íslandi í té.

Tækifærin eru vissulega á fleiri sviðum og mikilvægt er að skapa listafólki í löndum okkar - rithöfundum, málurum, tónlistarfólki og öðrum - aðstæður til að auðga menningu þjóðanna á gagnkvæman hátt.

Ég færi yður, virðulegi forseti, einlæggar þakkir fyrir þá vináttu sem þér og þjóð yðar hafið sýnt Íslendingum og ég vona að heimsókn mín nú verði til að treysta enn frekar sameiginlegt framlag okkar til sköpunar hinnar nýju Evrópu.

Ég bið virðulega gesti að rísa á fætur og lyfta glösum til heiðurs forseta Slóveníu Janez Drnovšek og til heilla ævarandi vináttu þjóða okkar.